

**Sp.**

**386. Nefndarálit**

[23. mál]

um till. til þál. um rannsókn á hagnýtingu íslenska farskipaflotans.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað tillöguna og fengið um hana umsögn skipafélaga þeirra innlendra, er aðallega annast vöruflutninga milli Íslands og annarra landa. Að fengnum þessum umsögnum og með tilliti til þess, að óvíst er, að hve miklu leyti gjaldeyrisyfirvöld láta notkun leiguskipa til sín taka framvegis, leggur minni hl. til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Þar sem skipafélög þau, er aðallega annast vöruflutninga milli landa, telja sér, eins og sakir standa, ekki þörf á ríkisaðstoð við skipulagningu flutninganna, en hins vegar enn óvíst, hvernig veitingu gjaldeyrisleyfa vegna skipaleigu verður hagað framvegis, telur deildin ekki að svo stöddu ástæðu til þeirrar athugunar, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1960.

Gísli Guðmundsson,      Björn Pálsson.  
frsm.